

STRÖNDUNGUR

19. nóvember 2013 ★ 5. tbl. 1. árg.



Næstu rusladagar:

28. nóvember - Almennt sorp

5. desember - Almennt sorp

12. desember - Endurvinnsla

Fjörustígur

Fjórar tillögur bárust sveitarstjórn um nafn á stíginn meðfram Valsá. Tillögurnar Fjörustígur og Valsárstígur komu frá nemendum í útiskóla Valsárskóla og leikskólans Álfaborgar. Einnig bárust tillögurnar Eyrarbakkastígur og Myllustígur. Tvö síðastnefndu nöfnin eru skírskotun í sögu svæðisins en neðst á svæðinu stóð býli sem hét Eyrarbakki og þar var mylla drifin áfram af Valsánni. Sveitarstjórn samþykkti að velja nafnið *Fjörustígur* en setja upplýsingaskilti við stíginn um Eyrarbakka og mylluna. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að gera “áningarstað” við skiltið.

Stefna nemendur útiskólans að því að halda vígsluhátíð og gefa stígnum þá formlega nafn.

Skilti

Gaman er að segja frá því, líkt og flestir hafa vonandi tekið eftir, að komin eru skilti á sveitarfélagsmörkin við Þjóðveg 1 með nafni sveitarfélagsins og merki þess. Nú vita allir af okkur sem keyra í gegnum sveitarfélagið ☺

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Jólatónleikar Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar verða mið-
vikudaginn 11. desember kl. 18:00. Tónleikarnir verða í



Tónlistarskólanum og er aðgangur ókeypis. Nemendur koma fram í
einleik og samspili og öll skemmtilegu jólalögin verða leikin.

Allir innilega velkomnir!

Nemendur úr Tónlistarskólanum munu heimsækja leikskólann Álfa-
borg tvisvar í desember og halda stutta hádegistónleika. Einnig verða
söngstundir í desember á hverjum morgni í Valsárskóla þar sem
sungin verða jólalög og nemendur úr tónlistarskólanum leika jólalög.

Slökkvitæki

Viljum minna á að yfirfara þarf slökkvitæki á þriggja ára fresti til að
 tryggja að þau sé örugglega í lagi þegar á þarf að halda.

Við tökum að okkur að koma tækjum til skoðunar í Eldvarnarmið-
stöðinni. Bara hringja í 896-3247 eða 892-7873 og við sækjum tækið
heim og skilum því aftur þegar búið er að fara yfir það.

Verð er 3.000 kr. eða 6.000 kr. ef þarf að skipta um innihald og fær
þjörgunnarsveitin hluta af því.

Björgunnarsveitin Týr

Fiskur, dósasöfnun, pappír, og jólapóstur

Dósasöfnun á vegum 8.-10. bekkjar Valsárskóla verður föstudaginn 29. nóvember og hefst söfnunin um 6-leytið líkt og síðast.

Ferðasjóður verður með til sölu ferskan fisk og aðrar sjávarafurðir frá Hnýfli og verður pöntunareyðublöðum dreift þann 26. nóvember. Þeim verður svo safnað saman um leið og við söfnum dósnum og pantanir keyrðar heim þegar búíð verður að afgreiða þær. Við bjóðum til sölu bæði flakaðan og roðlausan þorsk og ýsu, reykt ýsuflok, grafinn og reyktaðan lax, raspaðan fisk, rækjur, risa hörpuskel, humar, bleikjufljök, harðfisk og laxaflök. Ef einhverjir vilja eldhús- og salernispappír tökum við líka við þannig pöntunum í sömu ferð.

Eins og tíðkast hefur munum við svo safna saman jólapósti og dreifa í sveitina rétt fyrir jólin en nánar um það síðar ☺

Bestu kveðjur
8.-10. bekkur Valsárskóla

Kirkjan

Fermingarundirbúningssamvera í Svalbarðskirkju föstudaginn 22. nóvember kl. 17-20. Fermingarborn Svalbarðs-, Laufáss- og Grenivíkursókna koma saman til skrafs og ráðagerða.

Aðventukvöldið verður í Svalbarðskirkju fimmtudaginn 5. desember kl. 20.00. Auglýst nánar í Laufásnum, sem kemur út síðar í nóvembermánuði.

H-eldri borgarar í Svalbarðssókn koma saman í Svalbarðskirkju laugar- daginn 14. desember kl. 11.00. Sr. Bolli verður með aðventuspjall. Barnakór Svalbarðsstrandar mun syngja undir stjórn Brynju Elínar Birkisdóttur. Kvenfélagskonur bera svo fram rjúkandi aðventukaffi í safnaðarstofu.

Litið um öxl

Þessi frétt birtist í Morgunblaðinu í júlí 1944.

15 ára stúlka syndir yfir Akureyrarhöfn

Akureyri, fimtud. 20. júlí.

Frá fjettaritara vorum.

*Sigrún Sigtryggsdóttir frá Breiðabóli á Svalbarðsströnd við Eyja-
fjörð synti í ger yfir Akureyrarhöfn.*

*Lagði hún af stað kl. 6 e. h. úr svokölluðum Veigastaðabás, sem
er við Austurströndina gegnt Akureyri. - Synti Sigrún þaðan
vestur yfir höfnina og kom að landi við innri enda Torfunes-
bryggju. Var hún rúmlega eina klukkustund á leiðinni. Vegalengd
þessi mun vera, eftir því sem álitid er, alt að tveim kílómetrum.*

*Sigrún er aðeins 15 ára að aldri. Var hún hin hressasta eftir
þessa frækilegu sundför. Hún hefur stundað sundnám á vegum
Ungmennafélagsins Æskan á Svalbarðsströnd.*

*Sigrún er fyrsti kvenmaðurinn, sem synt hefir þessa vegalengd, svo
vitað sje. Hún er nú til heimilis hjá Gunnari Schram símsjóra á
Akureyri.*

Morgunblaðið, 161. tbl. (21.07.1944), bls. 12
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1252530

Hvet alla til að senda efni í Ströndung!

Hjálpumst að við að gera fréttabréfið okkar fjölbreytt og skemmtilegt. Öllum er velkomið að senda inn, jafnt börnum sem fullorðnum, fyrirtækjum og félögum, fréttir, auglýsingar, tilkynningar og hvað sem ykkur dettur í hug ☺

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 17. desember.